

Listaháskóli Íslands
Hönnunar- og arkitektúrdeild
Janúar 2010

Ævi og verk teiknarans og baráttumannsins

Naji al Ali

BA – Ritgerð

Grafísk hönnun

Höfundur: Elsa Dóróthea Daníelsdóttir
Leiðbeinandi: Sigrún Sigurðardóttir

Efnisyfirlit

1.	Inngangur.....	3
2.	Um Naji al Ali.....	5
3.	Táknmyndir í verkum.....	9
	a) al Zalama – góði maðurinn.....	9
	b) Fatima – góða konan.....	12
	c) Vondi maðurinn – afstyrmið.....	17
	d) Handala – litli áhorfandinn.....	19
4.	Lokaorð.....	26
5.	Heimildaskrá.....	28

1. Inngangur

Í þessari ritgerð verður fjallað um ævi og verk teiknarans Naji al Ali. Fyrst verður fjallað um ævi þessa stórbrotna baráttumanns en hann er og verður ávallt mikils metinn af Palestínumönnum fyrir hreinskilni, heiðarleika og baráttu gegn óréttlæti, óheiðarleika og hernámi Ísraels í Palestínu. Teikningar hans eru Palestínumönnum innblástur og er hann talinn einn af mikilsverðum hetjum og píslarvottum Palestínu. Því næst verður fjallað um teikningar hans og þær táknmyndir sem hann notaði til að koma skoðunum sínum á framfæri. Þær fjórar táknmyndir sem koma ítrekað fram í teikningum hans verða skoðaðar ítarlega ásamt hlutverki þeirra í teikningunum. Þá verða tekin fram nokkur mynddæmi og þau greind í samræmi við hlutverk hverjar táknmyndar fyrir sig. Að lokum verður þetta allt tekið saman og rætt um niðurstöður.

Ég kynntist verkum Naji al Ali fyrst í gegnum manninn minn sem er Palestínumaður, fæddur og uppalinn í Jerúsalem. Frá upphafi talaði hann mikið um eina af aðalpersónunum sem Naji skapaði og er enn í dag eitt helsta baráttutákn frelsis fyrir Palestínumenn. Persónuna kallaði Naji *Handala*. Í fyrstu áttaði ég mig ekki á hversu mikið táknrænt gildi þessi persóna bar. Fyrir mér var þetta einföld teikning af litlum manni með of stórt höfuð og hár sem stóð í allar áttir. Það var ekki fyrr en við fluttumst til Palestínu árið 2008 með dætur okkar sem ég fór að sjá styrkleikann í Handala. Hann var allstaðar í kringum okkur, meðal annars í formi veggjakrots, hálsmena og lyklakippa. Hvort sem hann var úr gulli, silfri eða krotaður á vegg fók hann að vaxa í huga mér sem stórbrotin persóna og mikilsvert tákn sem hefur haft mikil áhrif á hugsunarhátt minn gagnvart baráttuanda Palestínumanna.

Ég fékk mikinn áhuga á teikningum Naji í Palestínu. Á meðan ég bjó þar hófu Ísraelar árásir á íbúa Gaza í enn eitt skiptið. Aldrei hef ég upplifað meiri sorg og vonleysi á jólunum, þessari miklu hátíð

ljósa. Yfirþyrmandi myndir af limlestu fólki, sundurskotnum barnslíkum, buguðum foreldrum og ættmennum í sjónvarpinu. Ég fékk þetta beint í æð, allan liðlangan daginn, alla daga vikunnar. Eymdin stóð yfir í rúmar 3 vikur og ég grét þessar 3 vikur, dag og nótt. Finnst mér teikningar Naji lýsa þessum hörmungum jafnvel nú og þær gerðu þegar þær voru teiknaðar upphaflega því enn er þetta að gerast, ennþá eru Palestínumenn að deyja í hundruða ef ekki þúsunda tali í hverri árás Ísraels.

Eftir veru mína í Palestínu hef ég öðlast nýja sýn á lífið, ég hef fullorðnast, ég er þakklátur Íslendingur sem hefur fengið þann sjálfsagða rétt til að fæðast og lifa frjáls, að ég vona, um alla tíð. Teikningar Naji lýsa á stórbrotinn og hreinskilinn hátt ástandinu í Palestínu. Hvernig það var, og er ennþá, er hægt að lesa í gegnum teikningar hans hverja á fætur annarri. Hann notar einfalt en sterkt myndmál og nær það á áhrifaríkan hátt til lesandans. Ég get ekki skoðað teikningar hans án þess að tárast yfir sannleikanum. Ég skil teikningar hans í dag, ég skil hvað hann vildi að heimurinn vissi og ég vil koma skilaboðum hans á framfæri.

Ég nota verk Naji sem frumheimildir en styðst þar að auki við ýmislegt efni sem um hann hefur verið skrifað. Þar fyrir utan tók ég viðtöl við tvo Palestínumenn á sjötugsaldri, bæði fædd árið 1948. Þau veittu mér aukið innsæi og skilning á sögu og menningu Palestínu.

Þess má geta að allt myndefni er tekið af heimasíðunni najialali.com að undanskilinni myndinni af Naji al Ali sjálfum en hún er tekin af síðunni soulblossom.wordpress.com.

2. Um Naji al Ali.



Naji Salim Husain al Ali fæddist árið 1936 í litlu þorpi í Galíleu sem hét þá *al Shajarah* (tré á arabísku), þorpið var staðsett á milli Nazareth og Galíleu-hafsins. Fjölskylda hans voru bændur sem áttu viðamikið land og ekrur. Þorpið var eitt af yfir 418 þorpum sem voru eyðilögð árið 1948 á meðan *Nakba* (Hörmungarnar) stóð yfir. Á þeim tíma var Palestína undir stjórn Breta en þeir hjálpuðu Ísraelum að taka yfir landið, m.a. með því að hengja Palestínumenn sem geymdu byssukúlur í húsum sínum en á sama tíma gáfu þeir Ísraelum vopn. Ísraelar fóru að fremja hrottaleg fjöldamorð í þorpum Palestínu til að hrekja íbúana í burtu. Þeir sem flúðu ekki, voru drepnir.¹

Palestínumenn minnst þessara atburðar með mikilli sorg en á sama tíma fagna Ísraelar stofnun Ísraelsríkis. Yfir ein milljón Palestínumanna voru neyddir til að flýja heimili sín þar sem þeir höfðu búið í árhundruðir, kynslóð eftir kynslóð. Enn þann dag í dag hafa þeir ekki fengið leyfi til að snúa aftur til heimila sinna þrátt fyrir lög sem segja að allir hafi réttinn til að snúa aftur til lands uppruna síns.² Íbúar þessara þorpa flúðu og tóku sér bólfestu í nærliggjandi löndum og í flóttamannabúðum á Gaza ströndinni og Vesturbakkanum.

Naji al Ali var 10 ára þegar fjölskylda hans var neydd til að flýja til Líbanon þar sem þau settust að í flóttamannabúðum. Á æskuárum myndaði hann sér strax sterkar skoðanir á flóttamanna-ástandinu og baráttu landa sinna. Urðu þær skoðanir til þess að

¹ Viðtal höfundar við Rawda Odeh, þann 08.12.09.

Viðtal höfundar við Muhammad Odeh, þann 08.12.09.

² Sama heimild.

hann teiknaði yfir 40.000 teikningar sem endurspegluðu skoðanir hans og almenninga palestínkra sem og annarra araba á ástandinu. Teikningar hans eru afar myndrænar og sterkar ádeilur á pólitíska leiðtoga og arabísk stjórnarmál.³

Naji al Ali þráði að tjá tilfinningar sínar og hugsanir á listrænan hátt en fann ekki leið til þess að gera það innan flóttamannabúðanna. Í skólanum hóf hann að teikna með stuðningi kennara sinna. Árið 1957 ferðaðist hann til Saudi-Arabíu til að afla sér peninga fyrir námi. Þegar hann sneri aftur tveimur árum síðar tók hann virkan þátt í mótmælum og var meðlimur í hreyfingunni Arab National Movement og var ítrekað handtekinn.⁴ Í einu viðtali við hann segir hann eftirfarandi:

Ég byrjaði að nota teikningar sem aðferð til pólitískrar tjáningar á meðan ég var í Líbönskum fangelsum. Ég var fangelsaður af Deuxime Bureau (Líbönsku leynipjónustunni) vegna aðgerða sem leynipjónustan beitti til að hafa hemil á pólitískum aðgerðum í flóttamannabúðum Palestínnumanna á sjöunda áratugnum. Ég teiknaði á veggum fangelsisins og því næst sá Kanafani, blaðamaður og útgefandi tímaritsins al Huria (myrtur af Ísraelum í Beirút 1971), etthvað af þessum teikningum og hvatti mig til að halda áfram. Loks birti ég eitthvað af mínum teikningum.⁵

Á árunum 1963-74 var al-Ali í Kúweit að vinna fyrir dagblöðin *al Talili'a* og *al Siyyasa*. Þar kynnti hann fyrst til sögunnar

³ Höfundur óþekktur: „The Life and Death of Naji Al-Ali.“ najialali.com/articles_02.html skoðað 14.10.2009. Khader, Lubna: „Naji al Ali: Immortal Palestinian cartoonist.“ najialali.com/articles_03.html 26.08.1999, skoðað 14.10.2009.

Oweis, Dr. Fayeq: *Handala and the Cartoons of Naji al-Ali, Relevance, Characters, Symbols*. The Jerusalem Fund Gallery, Washington. Ártal vantar. Bls. 2-3. Abid, Kasim (leikstj.) *Naji al-Ali, an Artist with Vision*. Camera Image, 1999.

⁴ Oweis, Dr. Fayeq: *Handala and the Cartoons of Naji al-Ali, Relevance, Characters, Symbols*. Bls. 2-3.

⁵ „I started to use drawing as a form of political expression while in Lebanese jails. I was detained by the Deuxime Bureau (Lebanese Intelligence) due to the measures the Bureau was undertaking to contain political activities in the Palestinian camps during the sixties. I drew on the prison walls and subsequently Kanafani, a journalist and publisher of Al Huria magazine (killed by the Israelis in Beirut in 1971), saw some of these drawings and encouraged me to continue. Eventually I published some of my cartoons.“ Asfour, Mamoun: „Naji al Ali remembered.“ najialali.com/articles_04.html 10.09.2001, skoðað 14.10.2009.

auðkennistákn sitt, Handala. Handala varð ein af frægustu persónunum sem Naji skapaði. Hann varð síðar eitt helsta baráttutákn Palestínumanna og er enn í dag mikilsmetinn af palestínsku þjóðinni. Eftir það sneri hann aftur til vinnu við dagblaðið *al Safir* í Beirut þar sem hann gaf út sína fyrstu bók af teikningum og var kosinn forseti Bandalags arabískra teiknara (League of Arab Cartoonists). Hann var einnig fyrstur til að vinna verðlaun á sýningum arabískra teiknara sem haldnar voru 1977 og 1980.⁶ Naji sagði um dvöl sína í Beirút að það hafi verið besti tími lífs síns. Þar hafi hann unnið mest að teikningum sínum, umkringdur ofbeldi hersins og síðar ísraelsku innrásinni. Hann sagðist ekki hafa fundið fyrir ótta eða örvæntingu né að hann hafi getað hugsað sér að gefast upp.⁷

Eftir að hann var tilneyddur til að yfirgefa Beirút fór hann aftur til Kúweit en eftir aðeins tveggja ára dvöl þar var honum vísað úr landi, fyrir pólitískar skoðanir sínar, til London þar sem hann var skotinn í höfuðið þann 22. júlí 1987 fyrir utan vinnustaðinn sinn, *al Qabas* dagblaðið. Hann var meðvitundarlaus í 5 vikur áður en hann dó þann 29. ágúst.⁸ Enn er ekki vitað hver skaut hann en hann átti marga pólitíska óvini vegna ádeilna í teikningum sínum. *The New York Times* sagði um verk hans, „„Ef þú vilt vita hvað arabarnir hugsa um Bandaríkin, skoðaðu teiknimyndir Naji al Ali.““⁹ Tímaritið *Time Magazine* sagði, „„Þessi maður teiknar með beinum manna““¹⁰ og japanskt dagblað sagði, „„Naji al Ali teiknar með fosfórsýru.““¹¹ Árið 1988 fékk Naji al Ali verðlaunin gullna pennann frá alþjóðlega bandalagi dagblaðsútgefanda og þau lýstu honum sem „„einn af

⁶ Oweis, Dr. Faye: *Handala and the Cartoons of Naji al-Ali, Relevance, Characters, Symbols*. Bls. 2-3.

⁷ Khader, Lubna: „Naji al Ali: Immortal Palestinian cartoonist.“ Abid, Kasim (leikstj.) *Naji al-Ali, an Artist with Vision*. Oweis, Dr. Faye: *Handala and the Cartoons of Naji al-Ali, Relevance, Characters, Symbols*. Bls. 2-3.

⁸ Khader, Lubna: „Naji al Ali: Immortal Palestinian cartoonist.“ Abid, Kasim (leikstj.)

⁹ Oweis, Dr. Faye: *Handala and the Cartoons of Naji al-Ali, Relevance, Characters, Symbols*. Bls. 3.

¹⁰ Sama heimild

¹¹ Sama heimild

bestu skopmyndateiknurunum síðan á 17 öld.“¹² Eftirfarandi hafði Dr. Fayeq Oweis að orði í riti sínu um Naji al Ali, *Handala*, um þennan stórkostlega og heittelskaða listamann og píslarvott Palestínumanna:

Hefðbundnu orðatiltækin „*Mynd jafngildir þúsund orðum*“ og „*Penninn er máttugri en sverðið*“ þurfa að vera endurtúlkuð þegar teikningar Naji al-Ali eru skoðaðar. Þegar orð eru bönnuð og ritskoðuð, þá er myndin, samansett af einföldum svörtum og hvítum línunum, jafngildi miklu meira. Þegar notuð eru hugtökin penni og sverð, ætti orðatiltækið að vera „Penni er máttugri en byssukúla.“ Í þessu dæmi, var kúla notuð til að myrða hæfileikaríkasta og einlægasta listamann sem barðist eingöngu með pennanum sínum.¹³

Verk Naji al Ali lifa áfram í hugum og hjörtum Palestínumanna jafnt og öllum þeim sem hafa séð verk hans. Í kaflanum hér á eftir verður farið nánar yfir þau tákn sem Naji notaði allra helst í verkum sínum og þau greind.

¹² Naji al Ali og Joe Sacco: *A Child in Palestine, The Cartoons of Naji al-Ali, with and introduction by Joe Sacco*. Verso, London-New York, 2009. Bls. vii-ix og bls. 118. Fassed, Arjan El: „Naji al Ali: The timeless conscience of Palestine.“ najialali.com/articles_06.html 22.07.2004, skoðað 14.10.2009. Höfundur óþekktur: „The Life and Death of Naji Al-Ali.“ Khader, Lubna: „Naji al Ali: Immortal Palestinian cartoonist.“ Oweis, Dr. Fayeq: *Handala and the Cartoons of Naji al-Ali, Relevance, Characters, Symbols*. Bls. 2-3. Khalili, Laleh: *Heroes and Martyrs of Palestine, The Politics of National Commemoration*. University of London and Cambridge University Press, 2007, Bls. 133-134.

¹³ „The traditional sayings “A picture is worth a thousand words” and “A pen is mightier than a sword” need to be re-interpreted when looking at the cartoons of Naji al-Ali. When words are forbidden and censored, then the picture, composed of simple black and white lines, is worth much more. In terms of pen and the sword, the saying should be “A pen is mightier than a bullet.” In this case, a bullet assassinated one of the most gifted and dedicated artists who fought only with his pen.“ Oweis, Dr. Fayeq: *Handala and the Cartoons of Naji al-Ali, Relevance, Characters, Symbols*. Bls. 3.

3. Táknmyndir í verkum.

Naji skapaði harkalegar skopmyndir af arabíska hernum, viðskiptamönnum, spilltum arabaleiðtogum og heiftugum amerískum og ísraelskum yfirvöldum en hann er einnig þekktur fyrir fallegar teikningar sínar af flóttamönnum, kvenlegri táknmynd Palestínu í tárum og ögrandi þjáningu hennar. Einnig er hann þekktur fyrir sterkar og eftirminnilegar táknmyndir svo sem gaddavír og börn að kasta steinum, góðan mann og ljóta persónu sem hann kallaði afstyrmið. Hann teiknaði ítrekað þessar persónur í allar teikningar sínar. Svo að sjálfsögðu er það aðalpersónan, Handala sem er táknmynd af palestínskum dreng og svo miklu meira en það.¹⁴

Mörkin á milli góðs og ills í teikningum Naji eru mjög skýr. Þær eru afar einfaldar í myndmáli og hægt er að sjá nokkuð auðveldlega hvað er á seyði í hverri mynd fyrir sig þó að í sumum þeirra sé arabískur texti sem ekki allir geta lesið. En þá þarf ekki annað en að skoða hverja teikningu fyrir sig með skynsemi og opnum huga. Þá opnast heill heimur af tilfinningum, vondum sem og góðum, fyrir áhorfandanum. Hann kastar okkur inn í heim Palestínumanna, sorgir þeirra og gleði. Í þessum kafla verður farið nánar út helstu táknmyndir í verkum Naji al Ali og hvaða merkingu og áhrif þær hafa.

a) al Zalama - góði maðurinn.

Ein af aðalpersónunum í teikningum Naji er góði maðurinn, hann er hávaxinn, teiknaður með ákveðnum og skýrum línum. Hann er




¹⁴ Khalili, Laleh: *Heroes and Martyrs of Palestine, The Politics of National Commemoration*. bls. 70

grannur, berfættur og fátækur, fötin hans eru alsett bótum. Hann er alltaf heiðarlegur og táknar alltaf sömu góðu gildin þrátt fyrir mismunandi nöfn, þjóðerni og trúarlegar áherslur sem hann stendur fyrir í teiknimyndunum. Naji kallaði hann mörgum nöfnum en aðallega al Zalama sem þýðir *maðurinn* á arabísku. Þessi maður spilar stórt hlutverk í teikningunum, hann stendur stundum einn en stundum með Fatimu, góðu konunni, og saman standa þau á móti illvirkjunum eða afstýrmunum. Al Zalama er táknmynd fátæktar og kúgaðs fólks. Hann er venjulegur arabískur maður, palestínskur, líbanskur eða egypskur. Hann er múslimi en einnig kristinn. Hann er baráttumaður gegn hernáminu, hann er flóttamaður, kúguð persóna, menntuð persóna og talsmaður fyrir mannréttindum í arabaríkjunum.¹⁵

Hann stendur með þeim kúguðu á móti óréttlæti illvirkjanna. Hann kastar steinum og ber þá myrtu í grafir sínar. Hann er ítrekað fangelsaður fyrir mótmæli og fyrir að standa gegn þeim sem vilja honum illt. Hann er bóndinn sem reynir að sá í land sitt þrátt fyrir ítrekaðar árásir illvirkja og stöðugt áreiti jarðýtna. Hann er afi, faðir, eiginmaður, bróðir og frændi hinna kúguðu. Hann er sá særði, sá myrti, hann er píslarvottur Palestínu. Hann er eftirlýstur en hann gefst aldrei upp, hann mun berjast allt til dauða fyrir frelsi og réttinum til að snúa aftur til heimalands síns. Hann er sá sem sveltur og deyr kvalarfullum og blóðugum dauða, og blóð hans vökvar skrælnaða jörð heimalandsins.

¹⁵ Oweis, Dr. Fayeeg: *Handala and the Cartoons of Naji al-Ali, Relevance, Characters, Symbols*. Bls. 6.



Í teikningunni hér fyrir ofan sýnir Naji hversu langt er gengið til að þagga niður í baráttumönnum en sýnir einnig hvernig þjóðin heldur áfram baráttunni því að maður kemur ávallt í manns stað. Fyrst sést al Zalama skrifa orðin (Palestína er landið okkar) á vegg (þess má geta að bæði myndmál og lesmál araba er lesið frá hægri til vinstri). Því næst er hann með hendur bundnar fyrir aftan bak en notar þá röddina til að mótmæla. Svo er hann bæði með bundnar hendur og bundið fyrir munn en hann hugsar enn sitt. Síðast er hann sýndur liggjandi alblóðugur á jörðinni, alsettur sárum eftir byssukúlur en börn Palestínu, Handala og lítil stúlka, halda hefðinni áfram og skrifa sömu orðin á vegginn.

Myndmálið er afar sterkt í þessari teikningu, einfaldar og skýrar línur sýna áhorfandanum alvöru ástandsins. Myndbyggingin er einföld og falleg, hver hluti af teikningunni fær pláss til að anda og gefur áhorfandanum færi á að melta hvert atriði í einu. Al Zalama er góðlegur á svip og er teiknaður með dæmigerðum einkennum araba sem eru stórt nef og yfirvararskegg en Naji kýs að teikna hann sköllóttann og ímynda ég mér að það sé gert til að undirstrika andlitsdrætti hans. Hann er berfættur en Naji teiknaði hann ávallt þannig til að undirstrika fátækt hans. Skilaboðin til

okkar eru skýr: enginn má hafa neikvæðar skoðanir á ástandinu, það er dauðadómur. En baráttan heldur áfram og aðrir taka við þrátt fyrir hræðileg örlög þeirra er komu á undan.

Myndin hér fyrir neðan sýnir al Zalama með höfuðklút sem er




sterk vísun í uppruna og hefðir Palestínumanna. Hann liggur í blóði sínu á skrælnaðri jörð Palestínu þar sem blóð hans vökvar jörðina. Hann teygir út hendurnar í átt að lesandanum, sorgin skín úr augum hans.

Handala stendur á lengdar og fylgist með. Í svarta myrkrinu yfir þeim skín hálfmánninn sem er tákn fyrir múslimatrú og þá táknrænt fyrir aðgerðarleysi arabaheimsins sem alla tíð sat hjá og horfði á meðan Palestínumönnum var slátrað en sú er raunin enn í dag. Naji reyndi ávallt að vekja upp samvisku araba heimsins, hann vildi að þeir stæðu saman og hjálpuðu Palestínumönnum í baráttu sinni fyrir mannréttindum og frelsi.

Í þessari teikningu má skýrt sjá örlög palestínska baráttumannsins, hann liggur í blóði sínu og bíður dauðans fyrir framan okkur en samt gerum við ekkert. Við, rétt eins og Handala, erum öll vitni sem standa á lengdar og fylgjast með al Zalama deyja. Jafnvægið í teikningunni er algjört, sterk en einföld sena og aðalatriðið haft í miðjunni.

b) *Fatima – góða konan.*



Hlutverk kvenna í teikningum Naji er sýnt með persónunni Fatima, hún er teiknuð með einföldum en

skýrum línunum og hefur afar fallega ásýnd. Hún spilar stórt hlutverk í mörgum teikninganna og er ávallt góð. Hvort sem hún er eiginkona, móðir eða baráttumaður. Hún stendur við hlið góða mannsins, hún verndar hann, hugsar um hann og hjálpar honum. Stundum stendur hún upp til að leiðrétta skoðanir hans eða aðgerðir. Fatima er einnig sú sem refsar þeim sem svíkja byltinguna eða mótspyrnuna. Fatima er döpur kona sem hefur misst eiginmann, son eða bróður sem píslavott. Hún táknar ekki einungis palestínsku konuna heldur stendur hún fyrir Palestínu í heild sinni, heimalandið, fólkið og flóttamannabúðirnar.

Hún er mótstaðan, byltingin og *Intifada* (uppreisn). Hún er líka stundum líbönsk eða notuð sem tákn fyrir Líbanon. Hún er táknmynd fyrir ást, frið, baráttu, fórn og þjáningu. Hún er í fallegum útsaumuðum kjól og ber ennþá lykilinn að húsinu sínu í Palestínu um hálsinn.¹⁶ Lyklar hafa sérstaka þýðingu fyrir Palestínumenn því þeir tákna uppruna þeirra og heimilið sem þeir misstu eins og sjá má af ummælum Rawdu Odeh sem er palestínsk kona á sjötugsaldri:

Foreldrar okkar gáfu okkur lykla af húsum okkar í Palestínu þegar við vorum ung og við geymum þá ennþá í von um að fá að snúa aftur heim. Það er það sem við þráum, að fá að snúa aftur heim og að börnin okkar fái að fæðast í sínu eigin landi. Við kennum börnunum okkar að berjast gegn kúguninni og látum þau bera Palestínu í hjarta sér.¹⁷


Fatima er sterk arabísk kona sem lætur ekki bugast, hún grætur þjáninguna og kúgunina sem fólkið hennar þarf að upplifa. Hún grætur heimalandið en tár hennar eru einnig græðandi fyrir sár þeirra særðu, bæði líkamleg og andleg. Henni er líkt við Maríu Mey þar sem hún er sýnd með barn í faðminum í teikningum Naji. Þar

¹⁶ Oweis, Dr. Fayege: *Handala and the Cartoons of Naji al-Ali, Relevance, Characters, Symbols*. Bls. 5.

¹⁷ Viðtal höfundar við Rawda Odeh, þann 08.12.09.

vill hann hugsanlega sýna að margt er líkt með þjóningum Palestínumanna og þjóningu Jesú Krists. Hann gerir fleiri myndir sem vísa í kristina trú þar sem hann notar kvenlega ímynd Fatimu. Til dæmis má nefna eina teikningu þar sem ung stúlka er sýnd á krossi þar sem fléttað hár hennar breytist í gaddavír sem teygist út eftir krossinum sem hugsanlega táknar endalausa þjóningu Palestínumanna. Fatima gengur oft við hlið góða mannsins og plægir hertekið land með rifli og sáir í sárin með hjartalaga kornum sem tákna tryggð og staðfestu þeirra. Tár hennar breytast oft í skráargöt sem tákna þrá hennar til að snúa aftur heim. Oft er táknmynd hennar notuð af al Ali í teikningunum til að vekja athygli á kúgun kvenna í arabaríkjunum.

Fatima er tákn alls þess góða, hreina og saklausa í teikningum Naji. Lykilinn um háls hennar táknar réttinn til að snúa heim, réttinn til að eiga heimili, hann táknar einnig Palestínu,



land eða eignir. Kjóll hennar er alsettur útsaumi sem er táknrænn fyrir uppruna Palestínumanna og hefðir. Útsaumur er enn mjög algengt listform í Palestínu og mismunandi munstur og litir fylgja hverju þorpi.¹⁸

Myndin hér á næstu síðu er ein af þeim átakanlegustu og áhrifamestu teikningum með Fatimu í aðalhlutverki. Teikningin sýnir Fatimu liggja nakta á jörðinni með bakið að okkur, hendur hennar eru bundnar fyrir aftan bak og blóð lekur úr allmörgum byssukúlsárúm á líkama hennar. Handala er að breiða yfir hana með palestínskum klút er kallast kufiyeh (einnig kallað h'atta) til að hylja

¹⁸ Viðtal höfundar við Rawda Odeh, þann 08.12.09.

hana og greinilega í tilraun til að endurreisa virðingu hennar. Yfir þeim lýsir hálfmáninn í myrkrinu sem enn og aftur vísar í aðgerðarleysi arabaheimsins.



Myndmálið í þessari teikningu eins og í flestum teikningum Naji er áttakanlega sterkt. Fatima er teiknuð með skörpum og fallegum línum sem undirstrika sakleysi og hreinleika hennar. Hún er saklaust fórnarlamb kúgunar og óréttlætis. Ég get ímyndað mér að gjörðir Handala (að hann sé að breiða yfir hana) séu að endurspegla löngun Naji til að gera rétt gagnvart þjóð sinni. Samspil ljóss og skugga eru ríkjandi og hreint táknmál myndarinnar er augljóst.

Naji teiknaði þessa mynd til að vekja athygli á hræðilegri meðferð kvenna í fjöldamorðunum í flóttamannabúðunum Sabra og Shatila í september árið 1982 þar sem konum var nauðgað og hrottalega misþyrmt og óléttar konur voru ristar á kvið af líbönskum hersveitum undir stjórn þáverandi varnarmálaráðherra Ísraels, Ariel Sharon.¹⁹

¹⁹ Palestine Facts: „ISRAEL 1967-1991 - SABRA AND SHATILA“ palestinefacts.org, 2009, skoðað 06.11.2009.



Í myndinni hér fyrir ofan sjáum við Fatimu liggja á jörðinni í blóði sínu. Blóð hennar rennur í form af hendi sem teygir sig í átt að grjóti er liggur þar hjá. Þetta er afar táknrænt fyrir baráttuanda og staðfestu Palestínumanna, að berjast til síðasta blóðdropa, að gefast aldrei upp. Naji notaði mestmegnis samspil myrkurs og ljóss í teikningum sínum, hvítt og svart, sem er sjáanlegt í teikningum eins og þessari hér fyrir ofan. Litirnir auðsjáanlega táknandi gott og illt. Þetta skapar líka gott jafnvægi í teikningunni og dregur augun að því sem skiptir máli, í þessu tilviki þjáningu Fatimu.

c) Afstyrmið – vondi maðurinn.

Mótvægið á móti góðhjörðu persónunum hér á undan er persóna með engin fagurfræðileg einkenni, vondi maðurinn, afstyrmið eða hálfvitinn, eins og Naji stundum kallaði hann. Hann táknar ljótleika, ríkidæmi, óréttlæti, veiklyndi, svik, árásargirni, kúgun, leti og heimsku. Stundum stendur hann einn, stundum er hann í hópi annarra svona persóna. Þeir eru ljótir, heimskir, latir og skítugir í útliti og gjörðum. Endurtekin persónan lítur út eins og feit klessa án fóta og táknar öll ill öfl og allt það sem neikvætt er í arabaríkjunum. Naji teiknaði þá án hálsa, fóta eða nokkurs konar stuðnings til að tákna að þessar persónur hefðu engan stuðning frá alþýðu og ættu sér enga framtíð. Þetta eru persónur sem eru tímabundið til staðar, ávallt birtast þeir ringlaðir, heimskir og stundum með horn sem táknar árásargirni. Þeir eru afturhaldssamir, þeir eru síminnkandi stjórn arabaríkjanna, yfirvöldin, tækifærissinnarnir, svikararnir og þeir sem eru á móti lýðræði og þeim sem standa á móti hernáminu.²⁰



Afstyrmið reynir alltaf að standa á móti góðu persónunum, hann bruggar launráð gegn þeim, hann reynir að myrða þau, hann svíkur öll loforð sem hann gefur þeim. Afstyrmið er oft notað í pólitískum teikningum Naji sem leppur Bandaríkjanna, Ísraels og arabaríkjanna. Það talar þegar það fær leyfi frá yfirvöldum til að tala. Það lifir á spillingu, peningum og þjáningu þeirra fátæku. Stundum birtist hann sem palestínskur heldrimaður sem svíkur málstaðinn og nágranna sína fyrir auð. Stundum birtist hann sem viðskiptamaður sem gerir allt fyrir peninga. Hann er palestínskur leiðtogi sem lýsir yfir sigri fyrir palestínsku þjóðina í fjölmiðlum á

²⁰ Oweis, Dr. Faye: *Handala and the Cartoons of Naji al-Ali, Relevance, Characters, Symbols*. Bls, 7

meðan Ísrael reisir fleiri aðskilnaðarmúra, hann sefur á meðan þjóð hans deyr. Iðulega er hægt að sjá hormottu fyrir neðan nef hans sem að mínu mati getur verið sterk vísun í Hitler og því verið að draga fram þá samsvörun sem felst í því sem Hitler gerði gyðingunum og því sem Ísrael gerir nú í Palestínu.

Á myndinni hér til hliðar má sjá marga leiðtoga arabaríkjanna, teiknaða í mynd afstýrmisins. Fyrir ofan þá stendur; ég er frá Súdan, ég er frá Líbanon, ég er frá Saudi Arabíu og svona halda þeir áfram að telja upp hverjir þeir eru. Fyrir neðan þá má sjá nokkra litla Ísraela



standa saman og segja; við erum frá Ísrael. Hér má sjá að Naji er að vísa í samstöðu Ísraela í samanburði við hugsunarhátt leiðtoga araba. Leiðtogarnir hugsa allir hver um sig en Ísraelar standa saman og mynda því öfluga heild.

Á myndinni á næstu síðu sjáum við leiðtoga arabaheimsins sitja að snæðingi við stórt borð matar. Við hlið þeirra stendur soltinn al Zalama sem þeir stinga með gafli. Yfir þeim skín hálfmáninn, táknandi afskiptaleysi arabaheimsins við aðgerðarleysi leiðtoga sinna. Hér vill Naji sýna okkur hvernig leiðtogarnir bregðast við hungruðu fólkinu sem vogar sér að trufla þá við matarborðið, svo lengi sem þeir geta etið þá mega hinir fátæku eiga sig. Myndmálið er sterkt, hér sjáum við afstýrmið í öllu sínu eigingjarna veldi. Naji teiknar þá með hormottur sem líkjast enn og aftur ískyggilega mikið hormottu Hitlers, þetta eru feitir og ljótir menn sem sýna okkur sitt rétta eðli. Það er heldur meiri skygging í þessari mynd fremur en öðrum myndum Naji og sú áhersla sem hann

dregur fram í myndinni er gaffallinn í koki al Zalama og blóðið sem rennur úr hálsi hans. Hann teiknar blóðið dekkst til að draga athygli áhorfandans að því sem miðpunkti myndarinnar.



d) Handala – litli áhorfandinn.

Með góðhjörtnuðu persónunum (Fatima og al Zalama) stendur barn með spenntar greipar fyrir aftan bak. Hann snýr baki í áhorfandann, hann er vitni þess atburðar sem sýndur er í hverri teikningu fyrir sig. Hann tekur stundum þátt í atburðinum með því að skrifa, tala, kasta steini, faðma, kyssa, gefa blóm eða steypir hnefann í loftið á móti ranglæti. Þetta barn heitir Handala (einnig þekktur sem Hanzala eða Hanthala), sem er arabískt orð yfir bitra og þrautseiga plöntu sem vex í eyðimörkinni. Það er hægt að höggva hana niður en hún vex



ávallt aftur því rætur hennar liggja djúpt.²¹ Hár hans er eins og nálar broddgaltar sem hann notar sem vopn. Föt hans eru alsett bótum sem tákna fátæktina í flóttamannabúðunum. Naji teiknaði Handala í sinni eigin mynd, sem 10 ára strákur en hann var sjálfur 10 ára þegar hann var neyddur til að flýja Palestínu.²² Naji hafði eftirfarandi að segja um persónuna Handala:

Þetta barn, eins og þú getur séð er hvorki fallett, spillt, né í góðum holdum. Hann er berfættur eins og mörg börn í flóttamannabúðunum. Hann er í raun ljótur og engin kona myndi vilja hann sem son. [...] Hann er blíður, heiðarlegur og hreinskilinn umrenningur. Hann er tákn sem minnir mig á að gera ekki mistök. Og hendur hans fyrir aftan bak eru tákn um höfnun allra núverandi neikvæðra strauma í okkar heimshluta.²³

Naji sagði einnig að Handala væri ljótur að utan en að innan væri hann fullur af trjákvöðu og ilmeftum. Hann hefði fæðst sem 10 ára gamall strákur og væri alltaf fastur þannig. Hann myndi ekki vaxa úr grasi fyrr en Palestína væri frjáls og hann gæti snúið aftur heim.²⁴ Handala varð frægasta persóna Naji og birtist í öllum teikningum hans og persónugerði biturleika, þrautseigu og virðingu. Naji kynnti Handala fyrst til sögunnar þegar hann birti hann í dagblaðinu *al Siyyasa* í júlí 1969.²⁵ Hann birtist í miðri teikningunni eins og sitjandi froskur og sneri að áhorfandanum. Í teikningunni kynnti Handala sig sem „einungis arabísk persóna“ og bauðst til að vera framvegis hluti af lífi Naji. Handala gaf loforð um að hann

²¹ Oweis, Dr. Fayege: *Handala and the Cartoons of Naji al-Ali, Relevance, Characters, Symbols*. Bls.8

²² Naji El Ali: „My signature, Handala: The Symbol of the Child“, palestineaidssociety.org/www/najiali.htm, 1997, skoðað 14.11.2009


²³ „This child, as you can see is neither beautiful, spoilt, nor even well-fed. He is barefoot like many children in refugee camps. He is actually ugly and no woman would wish to have a child like him. [...] He is affectionate, honest, outspoken, and a bum. He is an icon that stands to watch me from slipping. And his hands behind his back are a symbol of rejection of all the present negative tides in our region.“ najiali.com/articles.html skoðað 14.10.2009.

²⁴ Oweis, Dr. Fayege: *Handala and the Cartoons of Naji al-Ali, Relevance, Characters, Symbols*. Bls.9

²⁵ Sama heimild, bls.8

myndi vera trúr palestínska málstaðnum og berjast á móti spillingu og gagnrýna alla þá sem fylgdu ekki leiðinni að frelsun Palestínu. Hann lýsti því einnig yfir að hann væri ekki hræddur við neinn nema Guð. Hann væri staðráðinn í að segja sannleikann sama hverjar afleiðingarnar yrðu.²⁶

Þar til um 1973 sneri Handala andliti sínu að áhorfandanum en sneri svo við honum baki og spennti greipar fyrir aftan bak og sýndi því ekki andlit sitt aftur nema í örfáum teikningum þar sem Naji vildi koma sérstökum skilaboðum á framfæri og þá yfirleitt í framhaldi einhverra hörmunga. Naji notaði þennan baksnúning til að tákngeira höfnun á óréttlátum lausnum sem voru boðnar Palestínumönnum.²⁷ Á myndinni hér til hliðar má sjá börn Palestínu með einu vopnin sem standa þeim til boða til að verja sig, grjót sem þau hafa hlaðið í form skriðdreka sem auðsjáanlega gera þeim lítið gagn gegn skriðdrekkum Ísraels. Þessi teikning sýnir skýrt vanmátt palestínsku þjóðarinnar gegn hervaldi Ísraels.



Handala stóð ávallt með þeim fátæku og þjáðu, venjulega arabíska manninum og konunni. Hann átti að bera vitnisburð, segja frá kúguninni, óréttlætinu og morðunum. Naji orðaði þetta sem svo: „Handala er vitni að kynslóð sem dó ekki, og hann mun ekki yfirgefa lífið, aldrei, hann er eilífur. Hann er persóna sem var fædd til að lifa, og er ögrað til að halda áfram.“²⁸ Þegar Naji var spurður að því hvenær Handala myndi snúa andlitinu að fólkinu sagði hann eftirfarandi: „Þegar virðing araba er endurheimt, og þegar arabíski


²⁶ Oweis, Dr. Faye: *Handala and the Cartoons of Naji al-Ali, Relevance, Characters, Symbols*. Bls. 8 og 9.

²⁷ Sama heimild, bls. 9.

²⁸ „Handala is a witness to a generation that did not die, and he will not leave life, ever, he is eternal. He is a character that was born to live, and challenged to continue.“ Sama heimild, bls. 9 og 10.

einstaklingurinn endurheimtar frelsi og manngæsku sína.“²⁹ Handala var talsmaður fyrir lýðræði og mannleg réttindi. Hann var ögrandi og hvatti fólk til að berjast. Hann var ekki bara palestínskur drengur, hann var arabi, mannvinnur og persóna heimsins. Sem Palestínumaður var hann ávallt trúr palestínska málstaðnum, flóttamannabúðunum, palestínska fólkinu og þeim fátæku og kúguðu. Sem arabi var hann talsmaður lýðræðis, mannréttinda, tækifæra fyrir alla, málfrelsis og samstöðu araba. Hans hlutverk var einnig að afhjúpa grimmd kúgaranna, hvort sem það var ísraelska hernámið, einræðisdómur arabaríkjanna eða kaldhæðni palestínsku leiðtoganna.³⁰

Handala er litli drengurinn sem stendur fyrir framan gaddavírsgirðingu, alsetta lyklum heimila Palestínumanna og dreymir um að komast heim, táknandi neitun Ísraels að veita Palestínumönnum réttinn til að snúa heim. Annars staðar birtist Handala þar sem hann stendur fyrir framan Jesú, sem hangir á krossinum með lykil fastan í hálsmeni úr gaddavír.




Hann segir að Jesú sé einnig Palestínumaður og að hann þrái einnig að snúa heim til Bethlehem. Hann sýnir okkur gaddavír (sjá mynd hér fyrir ofan) sem er að breytast í korn sem táknar að einn daginn mun vírin umbreytast og þá fá Palestínumenn að snúa aftur heim.

Handala stendur með steypa hnefa út í loftið er hann horfir á móður gráta ofan í sár barns síns eftir að það var limlest í einni árás Ísraels (mynd á næstu síðu). Hann teygir hnefana upp í loft eins og hann sé að kalla áhorfendur til vopna.

²⁹ „When the Arab dignity is restored, and when the Arab individual regains his freedom and humanity.“ Sama heimild, bls. 10.

³⁰ Oweis, Dr. Faye: *Handala and the Cartoons of Naji al-Ali, Relevance, Characters, Symbols*. Bls. 10 og 11.



Þessi teikning minnir áhorfandann ótvíræðanlega á Maríu Mey og Jesúbarnið. Greinin er vex úr af-limuðum armi barnsins sýnir vöxt, líf, von og þrá Naji í betra líf fyrir þjóð sína. Myndmálið er einfalt

og mjög sterkt, dökkur kufl Fatimu dregur athyglina að henni og hvítt limlest barnið stendur út úr sem augljós miðpunktur teikningarinnar. Hreint og beinskeytt myndmál sem dregur áhorfandann beint inn í heim þessarar sorgmæddu móður.


Handala er yfirleitt teiknaður sem vitni, hann sér þegar Ísraelar rífa upp heilu akrana af ólífutrjám með rótum til að hindra bændur í að rækta lönd sín og eru um leið að „hreinsa“ svæðið fyrir landnemabyggðir Ísraela eins og sést á myndinni hér til hliðar. Hann veit að það tekur eitt ólífutré sjö ár að vaxa og dafna nógu vel til að bera ávöxt. Hann sér feður og mæður, bræður og systur, frændur og frænkur, syni og dætur Palestínu óréttlætanlega fangelsuð, kúguð og myrt með köldu blóði daglega.



Hann sér leiðtoga araba snúa sér í hina áttina og taka á móti peningum er skapast úr þjáningu bræðra sinna. Hann sér Palestínu gráta blóðugum tárur í vonlausri tilraun til að sýna umheiminum hvað sé að gerast. Handala heimtar frelsun bræðra sinna úr fangelsum. Hann sér fólk sitt svelta á meðan leiðtogar þeirra fitna af borði þjáningu þeirra kúguðu.



Á myndinni hér fyrir ofan sjáum við hendi brjótast úr viðjum jarðar með palestínska fánann í greip sér, úr handleggnum vex grein sem er táknræn fyrir líf. Handala hleypur í átt að hendinni með báðar hendur á lofti sem táknar gleði hans og fögnuð. Þessi mynd tákngerir löngun Naji í frjálsa Palestínu. Hann sýnir okkur að einhvern tímann muni Palestína verða frjáls og að fólkið hans fái að snúa aftur heim. Hér notar Naji aftur samspil ljós og skugga til að draga fram áherslur í teikningunni. Jörðin er myrk og ógróin, nakin sannleikurinn blasir við okkur. Ísrael hefur síðastliðin 60 ár misnotað landið á kerfisbundinn hátt. Þeir rífa upp tré og valta yfir ræktarland bænda til að hrekja þá af landinu. Tjáningin og þráin í þessari teikningu færir mann inn í hugarheim Naji. Við fáum að sjá þrár hans, óskir og vonir fyrir betra lífi fyrir palestínsku þjóðina.



Á myndinni hér fyrir ofan sýnir Handala okkur látið barn liggja í húsarústum, limlest líkið liggur hreyfingarlaust með blóm í hendi. Úr blóði barnsins myndast orðið „Shatila“ sem er vísun í áður nefnt fjöldamorð í þeim flóttamannabúðum þar sem, meðal annars, ungir drengir frá 12 ára aldri voru myrtir eftir hrottalegar pyntingar.³¹ Barnið er með blóm í hendi sem táknar þrá Naji í frið og nýtt líf. Þó að teikningin sé afar friðsæl á að líta þá draga hreinar og skýrar línur fram skilaboðin, það fer ekki á milli mála hvað Naji er að segja okkur. Svartur himinninn táknar myrkrið, vonleysið og allt það sem hjálpar til að hylma yfir með ódæðismönnunum.

³¹ Palestine Facts: „ISRAEL 1967-1991 - SABRA AND SHATILA“

4. Lokaorð.

Naji al Ali kynnti ástand Palestínu með skýrum skilaboðum og meðal annars fordæmdi hann hernámið, spillinguna, brotin á mannlegum réttindum og skortinn á frjálsri tjáningu og lýðræði í arabaríkjunum. Hann barðist gegn hernum og hernáminu með teikningum af venjulegu fólki í annarlegu umhverfi og aðstæðum, með teikningum af blómum og byssukúlum, með teikningum af von og þrá. Hann var baráttumaður, sögumaður, kennari og píslarvottur Palestínu. Það mætti segja að Naji hafi teiknað með sínu eigin blóði en hann teiknaði ávallt fyrir Palestínu, langþráð heimaland sitt þar sem hann þráði og dreymdi um að verða grafinn en sá draumur varð því miður ekki að veruleika.

Teikningar Naji al Ali voru skilaboð til heimsins, skilaboð um kúgun, óréttlæti og sorg þeirra sem upplifðu þetta allt. Þær voru ekki ætlaðar til að draga fram hlátur eða gleði. Þær voru einfaldar, skýrar og áttu að undirstrika nákvæmlega það sem var í gangi í hvert sinn. Þær voru ætlaðar til þess að draga áhorfandann inn í líf Palestínumanna, til að sýna með hverri línu ástandið á eins beinskeittan og einfaldan hátt og mögulegt var unnt. „Þær voru raddir almúgans, raddir þeirra kúguðu, þeirra sem voru sviptir eignum sínum, flóttamanna, þeim herteknu og þeirra sem hann sagði að hefðu ekki val.“³²

Handala er mikið notaður í dag í formi skartgripa og það sést mikið til hans á húsum og veggjum aðskilnaðarmúrsins. Sérstaklega á Vesturbakkanum í Palestínu má sjá hann teiknaðan í ýmsum formum og í ýmsum aðstæðum. Skemmtilegt þykir mér að stofnun fyrir friði og frelsi í gegnum fyndni (Commission for Peace and Freedom Through Humor) hefur tekið Handala að sér sem lógó.

³² Oweis, Dr. Fayege: *Handala and the Cartoons of Naji al-Ali, Relevance, Characters, Symbols*. Bls. 4.

Handala er eilífur og þar með eilíft tákni fyrir baráttu um almenn mannréttindi, frelsi og heiðarleika. Allar persónur Naji hafa mikla táknræna merkingu og hann sýnir okkur þær merkingar á skýran og einfaldan hátt. Stíll hans heldur sér í gegnum allar teikningarnar og gerir okkur því kleift að lesa hverja teikningu eins og hún sé skrifuð með orðum í stað tákna. Styrkur myndmálsins er gífurlegur, þá bæði dramatískur og áhrifamikill í senn. Naji al Ali hefur á stórfenglegan hátt hleypt mér inn í líf sitt og inn í líf Palestínumanna. Hann hefur sýnt mér hvernig ástandið var og er enn í Palestínu. Hugrekki hans lifir að eilífu í verkum hans því hann skorti aldrei kjark til að segja það sem honum bjó í brjósti. Enda varð það honum til ólífs hversu hreinskilin og beinskeytt verk hans voru.

Eftir þessa rannsókn hef ég komist að því að Handala er ekki þessi litli ólögulegi maður sem ég hélt að hann væri, hann er fallegur, traustur, heiðarlegur og mikill baráttumaður. Hann mun aldrei nokkurn tímann gefast upp né deyja svo lengi sem palestínska þjóðin lifir og berst fyrir almennum mannlegum réttindum sem við Íslendingar tökum sem sjálfsögðum hlut. Hann lifir á meðan allir, þeir sem taka hann að sér og inn í hjarta sitt, berjast fyrir réttlæti því hann er ekki einungis sonur Naji, hann er sonur okkar allra.

Heimildaskrá:

Bækur og önnur rit:

Khalili, Laleh: *Heroes and Martyrs of Palestine, The Politics of National Commemoration*. University of London and Cambridge University. Press, 2007.

Oweis, Dr. Fayege: *Handala and the Cartoons of Naji al-Ali, Relevance, Characters, Symbols*. The Jerusalem Fund Gallery, Washington, Ártal vantar.

Naji al-Ali og Joe Sacco: *A Child in Palestine, The Cartoons of Naji al-Ali, with and introduction by Joe Sacco*. Verso, London-New York, 2009.

Kvikmyndir:

Abid, Kasim (leikstj.) *Naji al-Ali, an Artist with Vision*. Camera Image, 1999.

Vefsíður:

„Naji Al Ali... Immortal Palestinian Cartoonist.“ najialali.com, skoðað 14.10.2009.

Greinar af þeirri síðu:

- Asfour, Mamoun: „Naji al Ali remembered.“ najialali.com/articles_04.html 10.09.2001, skoðað 14.10.2009.
- Fassed, Arjan El: „Naji al Ali: The timeless conscience of Palestine.“ najialali.com/articles_06.html 22.07.2004, skoðað 14.10.2009.
- Höfundur óþekktur: „The Life and Death of Naji Al-Ali.“ najialali.com/articles_02.html skoðað 14.10.2009.
- Khader, Lubna: „Naji al Ali: Immortal Palestinian cartoonist.“ najialali.com/articles_03.html 26.08.1999, skoðað 14.10.2009.

Palestine Facts: „ISRAEL 1967-1991 - SABRA AND SHATILA“ palestinefacts.org, 2009, skoðað 06.11.2009.

Naji El Ali: „My signature, Hanthala: The Symbol of the Child“, palestineaidssociety.org/www/najiali.htm, 1997, skoðað 14.11.2009

Viðtöl:

Viðtal höfundar við Rawda Odeh, þann 08.12.09.

Viðtal höfundar við Muhammad Odeh, þann 08.12.09.